

Miðvikudaginn 19. marz 1969.

Nr. 27/1969. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Gunnari Héðni Jakobssyni

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Fjársvik.

Dómur Hæstaréttar.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 10.000.00, og laun verjanda síns, kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Ákærði, Gunnar Héðinn Jakobsson, greiði kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 10.000.00, og laun verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 3. desember 1968.

Ár 1968, þriðjudaginn 3. desember, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnsyni sakadómarara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 565/1968: Ákærvaldið gegn Gunnari Héðni Jakobssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dagsettri 18. f. m., gegn Gunnari Héðni Jakobssyni verkamanni, Grjótagötu 14 B hér í borg, fæddum 5. febrúar 1930 í Reykjavík, „fyrir fjársvik, svo sem rakið verður:

1. Að fá þriðjudaginn 10. október 1967 bifreiðarstjóran á leigubifreiðinni R 1545, Svein Aðalsteinsson, Njálsgötu 35 A í

Reykjavík, til að aka með sig í bifreiðinni um Reykjavík án þess að hafa möguleika á að greiða ökugjaldið, sem var orðið kr. 203.00, þegar akstri lauk.

2. Að fá föstudagsnóttina 20. október 1967 bifreiðarstjórnann á leigubifreiðinni R 1433, Heiðar Reykdalsson, Reynimel 90 í Reykjavík, til að aka með sig í bifreiðinni um Reykjavík án þess að hafa möguleika á að greiða ökugjaldið, sem var orðið kr. 296.00, þegar akstri lauk.

3. Að fara föstudaginn 25. október 1968 í Efnagerðina Val, Kársnesbraut 124 í Kópavogi, og svíkja þar út vörur (saft, marmelaði o. fl. vörur efnagerðarinnar) fyrir samtals kr. 2.113.65 með því að þykjast vera sendur frá Vistheimilinu í Gunnarsholti til að útvega þessar vörur fyrir vistheimilið, en til þess erindisrekstrar hafði hann enga heimild.

Fyrir vöruúttektina kvittaði hann með eigin nafni.

4. Að fara þriðjudaginn 29. október 1968 í heildverzlun Eggerts Kristjánssonar & Co. h/f, Hafnarstræti 5 í Reykjavík, og svíkja þar út vörur (appelsínur, sítrónur o. fl.) fyrir samtals kr. 2.276.00 með því að þykjast vera sendur frá Vistheimilinu í Gunnarsholti til að útvega þessar vörur fyrir vistheimilið, en til þess erindisrekstrar hafði hann enga heimild.

Fyrir vöruúttektina kvittaði hann með eigin nafni.

5. Að fara miðvikudaginn 6. nóvember 1968 í Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins, Reykjavík, og svíkja þar út vörur (vindlinga og neftóbak) fyrir samtals kr. 10.781.00 með því að þykjast vera sendur frá Vistheimilinu í Gunnarsholti til að útvega þessar vörur fyrir vistheimilið, en til þess erindisrekstrar hafði hann enga heimild.

Fyrir vöruúttektina kvittaði hann með eigin nafni.

6. Að fara fimmtudaginn 7. nóvember 1968 í Efnagerðina Val, Kársnesbraut 124 í Kópavogi, og svíkja þar út vörur (saft, marmelaði o. fl. vörur efnagerðarinnar) fyrir samtals kr. 5.167.50 með því að þykjast vera sendur frá Vistheimilinu í Gunnarsholti til að útvega þessar vörur, en til þess erindisrekstrar hafði hann enga heimild. Fyrir vöruúttektina kvittaði hann. Nafnritun ólæsileg.

7. Sunnudaginn 10. nóvember 1968 fann ákærði tékkhefti á Hverfisgötu í Reykjavík, og voru í því þrjú eyðublöð. Þann sama dag var hann að selja merki fyrir Blindrafélagið, og þegar hann gerði skil á sölunni til félagsins í Hamrahlíð 17 í Reykjavík, greiddi hann með tékka að upphæð kr. 3.000.00, sem hann hafði

gefið út með eigin nafni á eitt hinna fundnu eyðublaða, á ávísanabók nr. 389 í Iðnaðarbanka Íslands, en það bókarnúmer er ritað út í bláinn. Er tékkinn B. Nr. 53925, gefinn út til handhafa. Til baka af tékkafjárhæðinni fékk ákærði greiddar um kr. 1.800.00.

Framanskráðir verknaðir þykja varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, skaðabótagreiðslu og til greiðslu sakarkostnaðar“.

Málavextir.

1. Þriðjudagskvöldið 10. október 1967 tók ákærði sér leigubifreið og lét bifreiðarstjóran, Svein Aðalsteinsson, Njálsgötu 35 A, aka með sig um borgina, án þess að hann hefði möguleika á greiðslu ökugjaldsins, er nam að lokum kr. 203.00, en ökuferðinni lauk svo, að ökumaður færði ákærða á lögreglustöðina.

2. Síðla kvölds fimmtudaginn 18. október 1967 tók ákærði sér leigubifreið við samkomuhúsið Röðul hér í borginni og lét öku mann, Heiðar Reykdalsson, Reynimel 90, aka með sig um borgina, m. a. upp í Árbæjarhverfi. Ákærði hafði ekki möguleika á greiðslu ökugjaldsins, og lét hann nema staðar á Vesturgötu og bað öku mann biða, en hvarf þá á brott. Bifreiðarstjórinn hafði upp á ákærða með aðstoð lögreglu. Ökugjald nam þá kr. 296.00.

3. Föstudaginn 25. október s.l. fór ákærði í Efnagerðina Val, Kársnesbraut 124, Kópavogi, og kvaðst eiga að taka þar út vörur fyrir Vistheimilið í Gunnarsholti. Fékk hann þarna vörur fyrir samtals .kr 1.966.20 í reikning vistheimilisins og kvittaði fyrir á nótu með rétttri nafnritun. Enga heimild hafði ákærði til þess að taka út vörur fyrir vistheimilið, en hann hafði áður verið þar vistmaður og þá stundum verið í fylgd með bifreiðarstjóra, er var að sækja vörur fyrir hælið. Ákærði telur sig ekki muna, hvernig hann hafi ráðstafað vörunum, en hann hafi vafalaust selt einhverjum þær.

4. Þriðjudaginn 29. október s.l. tók ákærði út ávexti sjá Eggert Kristjánssyni & Co. h/f fyrir kr. 2.276.00 og lét skrifa vörurnar í reikning Vistheimilisins í Gunnarsholti, og gerði hann það án nokkurrar heimildar, sbr. 3. hér að ofan. Ákærði kveðst hafa selt vörur þessar síðan einhvers staðar og minnir helst, að einhverjir bifreiðarstjórar keyptu þær af honum.

5. Miðvikudaginn 6. nóvember s.l. tók ákærði út vindlinga og neftóbak í Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins fyrir kr. 10.781.00 og lét skrifa vörurnar í reikning Vistheimilisins í Gunnarsholti

án heimildar. Vörur þessar kveðst hann hafa selt fólki, sem hann hitti á förnum vegi, en notað sjálfur sumt af þeim. Fé því, sem hann fékk fyrir vörurnar, eyddi hann í eigin þarfir.

6. Fimmtudaginn 7. nóvember s.l. fór ákærði enn í Efnagerðina Val og tók út margs konar vörur í reikning Vistheimilisins í Gunnarsholti fyrir samtals kr. 5.167.50. Kvittaði hann fyrir mót-töku með réttu nafni að því er virðist (nafnritun er illlæsileg). Nokkuð af vörum þessum seldi ákærði Birni Kristjánssyni kaupmanni í Mýrabúðinni við Mánagötu hér í borg, en nokkru af vörunum hélt Ketill Ólafsson leigubifreiðarstjóri, sem ekið hafði ákærða án þess að fá ökugjald greitt að fullu, eftir til trygg-ingar á greiðslu eftirstöðvanna, er námu kr. 207.00. Við rannsókn málsins skiluðu þeir Björn og Ketill vörunum. Fékk Efnagerðin Valur aftur nær allar vörur, sem ákærði hafði tekið við. Af þeim 1.200 kr., sem Björn Kristjánsson hafði greitt fyrir vörurnar, átti ákærði eftir 505 kr., er hann var handtekinn, og voru þær afhentar Birni.

7. Sunnudaginn 10. nóvember s.l. var ákærði að selja merki fyrir Blindrafélagið. Tók hann við 75 merkjum, er kosta áttu 25 kr. hvert. Í sölulaun átti ákærði að fá 10%. Ákærði kveðst hafa selt 48 merki, en skilað 27. Hefur hann þannig átt að skila 1.200 kr. að fráðregnum sölulaunum, 120 kr., þ. e. 1.080 kr. Hann innti greiðsluna af höndum með tékka að fjárhæð kr. 3.000.00, útgefn-um af ákærða sjálfum á ávisanareikning 389 í Iðnaðarbanka Ís-lands, útibúið í Hafnarfirði. Ákærði kveðst hafa fengið í pening-um mismun tékkans og þess fjár, sem hann átti að greiða. Ákærði hafði engan reikning í nefndum banka. Hann kveðst hafa ritað tékkann á eyðublað úr hefti, sem hann hafi fundið á Hverfisgötu þennan dag. Upplýsingar, sem rannsóknarlögreglan aflaði um það, hvar tékkhefti þetta hafði glatazt, benda til þess, að ákærði skýri rétt frá um þetta.

Ákærði var handtekinn af lögreglu þetta sama kvöld. Hafði hann þá meðferðis tékkheftið og 2.395 kr. í peningum. Pening-arnir voru afhentir Blindrafélaginu.

Niðurstöður.

Ákærði hefur í framangreindum 7 tilvikum aflað sér fjár með sviksamlegum hætti, þ. e. tekið sér leigubifreiðar án þess að eiga fé til greiðslu ökugjalds strax að akstri loknum, svo sem venja er, fengið í hendur vörur með því að láta ranglega í veðri vaka, að hann væri að sækja þær fyrir Vistheimilið í Gunnarsholti og notað innstæðulausan tékka í lögskiptum. Öll þessi brot varða

hann refsingu samkvæmt 248. gr. almennra hegningarlaga. Ákærði hefur áður sætt þessum refsidómum:

1952 4/10 6 mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir þjófnað, gripdeild og svik.

1952 21/10 60 daga fangelsi fyrir þjófnað.

1954 26/3 6 mánaða fangelsi fyrir þjófnað og svik.

1954 24/5 4 mánaða fangelsi fyrir þjófnað. (Dómur staðfestur í Hæstarétti 20. október).

1956 13/3 4 mánaða fangelsi fyrir þjófnað.

1958 9/5 6 mánaða fangelsi fyrir gripdeild, fjárdrátt og svik.

1959 6/2 4 mánaða fangelsi fyrir þjófnað og svik.

1960 3/11 7 mánaða fangelsi fyrir þjófnað.

1961 18/9 8 mánaða fangelsi fyrir svik.

1964 10/12 6 mánaða fangelsi fyrir þjófnað, skilorðsbundið 3 ár. (Staðfest í Hæstarétti 5. maí 1965).

1965 21/6 15 daga varðhald fyrir umferðar- og áfengislagabrot.

1968 10/1 8 mánaða fangelsi fyrir þjófnað.

Auk þess hefur ákærði 47 sinnum sætt á sektir fyrir áfengislagabrot.

Ákærði er nú í 12. skipti dæmdur í refsingu fyrir auðgunarbrot. Hann er þannig vanaafbrotamaður, og ber að ákveða refsingu með hliðsjón af 72. og 255. gr. almennra hegningarlaga svo og 77. gr. sömu laga. Að því er varðar brot þau, sem lýst er í 1. og 2. ákærulið, ber að ákveða refsingu með hliðsjón af 78. gr. hegningarlaga, þar sem þau brot eru framin, áður en síðasti refsidómur ákærða var kveðinn upp. Refsing ákærða verður ákveðin fangelsi eitt ár.

Eftirtaldir aðiljar hafa komið að í máli þessu fjárkröfum á hendur ákærða:

Sveinn Aðalsteinsson (sbr. 1.), kr. 203.00.

Reiðar Reykdalsson (2.), kr. 2.113.65.

Efnagerðin Valur (3.), kr. 2.113.65.

Eggert Kristjánsson & Co. (4.), kr. 2.276.00.

Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins (5.), kr. 10.781.00.

Ketill Ólafsson (7.), kr. 207.00.

Kröfur þessar, sem ákærði hefur samþykkt, verða teknar til greina.

Þá ber að dæma ákærða til þess að greiða allan kostnað sakarinnar samkvæmt 141. gr. laga nr. 82/1961.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnar Héðinn Jakobsson, sæti fangelsi eitt ár.
 Ákærði greiði:

1. Sveini Aðalsteinssyni kr. 203.00.
2. Heiðari Reykdalssyni kr. 296.00.
3. Efnagerðinni Val kr. 2.113.65.
4. Katli Ólafssyni kr. 207.00.
5. Eggert Kristjánssyni & Co. h/f kr. 2.276.00.
6. Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins kr. 10.781.00.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. marz 1969.

Nr. 28/1969. **Ákæruvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
 gegn

Gunnari Finni Eiðdal Kristjánssyni

(Þorvaldur Þórarinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarmen Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og laun verjanda síns, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar verður 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Gunnar Finnur Eiðdal Kristjánsson, greiði